



## Skýrsla stjórnar Minjaverndar hf. fyrir starfsárið 2013.

Á aðalfundi Minjaverndar hf. þann 26. apríl 2013 voru eftirtalin kjörin í stjórn félagsins: Sem aðalmenn Þröstur Ólafsson, Þórhallur Arason, Rakel Olsen, Kristbjörg Stephensen og Ólöf Örvarsdóttir. Sem varamenn Benedikt Geirsson, Hafsteinn Hafsteinsson og Hrólfur Jónsson. Endurskoðandi félagsins var kjörin Anna Kristín Traustadóttir löggiltur endurskoðandi. Á fyrsta fundi nýrrar stjórnar var Þröstur Ólafsson kjörinn formaður stjórnar og Kristbjörg Stephensen varaformaður. Framkvæmdastjóri félagsins er Þorsteinn Bergsson. Stjórn Minjaverndar hélt 5 bókaða stjórnarfundum á starfsárinu og verður hér gerð grein fyrir helstu atriðum í starfsemi félagsins.

### Framkvæmdir eða áform Minjaverndar í Reykjavík.

Á liðnu ári var allur meginþungi í starfi Minjaverndar á Fáskrúðsfirði. Af sjálfu leiðir að beinar framkvæmdir voru því litlar í Reykjavík. Félagið sinnti viðhaldi við sín eigin hús á Bernhöftstorfu og víðar og hafði jafnframt sem áður umsjón með nokkrum öðrum húsum í miðborg Reykjavíkur. Í flestum tilvikum eru það hús sem Minjavernd hefur endurbyggt í gegnum árin, en sinnir viðhaldi og umsjón með fyrir núverandi eigendur. Á það t.d. við um allar húseignir sem Minjavernd hefur selt í Aðalstræti, en einnig Gömlu Lögreglustöðina og Pósthúsið í Pósthússtræti. Allt eru það hús sem eru nú í eigu Stoda. Jafnframt hefur félagið á sama hátt umsjón með húsinu Ziemsen sem flutt var að Vesturgötu 2a fyrir núverandi eiganda þess.

### Önnur verkefni í Reykjavík.

Minjavernd hefur jafnan augu opin fyrir verkefnum sem henta félaginu í miðborg Reykjavíkur. Á liðnu ári hefur félagið þannig horft til nokkurra verkefna stórra og smárra. Bæði hefur verið leitað til félagsins með lausn verkefna jafnframt sem félagið hefur leitað eftir verkum og boðið í fasteignir sem taldar hafa verið verðar endurgerðar með þeim hætti sem Minjavernd stendur fyrir. Ekki hefur orðið afrakstur af athugun þessara verka enn. Undir lok ársins 2013 hófust viðræður milli Minjaverndar og Reykjavíkurborgar um nokkur verkefni. Flest þessi verkefni hafa áður verið til umræðu milli aðila, en ekki orðið niðurstaða með, en nú liggja fyrir drög að rammasamningi um þau. Verkefni þessi eru eftirfarandi:

1. **Stórasel** að Holtsgötu 41 Húsið er steinbær byggður að stofni í tvennu lagi 1884 og 1893. Húsið er friðlýst og er eini tvöfaldi steinbærinn í Reykjavík sem enn stendur. Það eru einu ummerki myndarþúskaþar sem rekinn var á jörðinni Seli sem það stendur á og ber nafn af. Húsinu hefur verið mikið breytt, en fyrirhugað er að endurbyggja það sem íbúðarhús.
2. **Hringbraut 116 – 118.** Húsið er tvílyft timburhús á steiptum kjallara og með steiptum brunavegg á milli húshluta. Það var reist árið 1934 fyrir

Byggingarsamvinnufélag Reykjavíkur ásamt fleiri húsum sem hlotið hafa svonefnda svæðisvernd. Húsið stendur inni á lóð Vesturbæjarskóla, en vegna plássleysis þar og fyrirhugaðrar viðbyggingar við skólann þarf það að hverfa af núverandi stað og er fyrirhugað að það verði flutt yfir Hringbraut og á lóð að Meistaravöllum 3. Húsið yrði endurbyggt sem tvíbýlishús.

3. **Norðurpóllinn** sem áður stóð að Laugavegi 125. Húsið er einlyft timburhús með risi, reist 1904 og er friðað. Minjavernd flutti húsið fyrir Reykjavíkurborg þar sem á lóð þess stóð til og hefur nú verið byggð nýbygging. Fyrirhugað hefur verið að koma því fyrir aftur á Hlemmi. Liggur þar fyrir samþykkt deiliskipulag sem er í endurskoðun. Húsið verður endurbyggt sem atvinnuhúsnæði.
4. **Sóttvarnarhúsið** að Ánanaustum 11. Húsið var byggt 1905 í framhaldi af lögum sem sett voru 1902 um byggingu sóttvarnarhúsa í kaupstöðum landsins. Frá 1925 þjónaði húsið landinu öllu um nokkurt skeið, en mun jafnframt hafa verið nýtt til annarrar starfsemi. Húsið var selt ríkinu og hefur verið í þess eigu síðan, en til umræðu er að Reykjavíkurborg kaupi það og lóðir umhverfis fyrir nýbyggingarreit. Í því tilviki hefur verið horft til þess að flytja það á lóð Nýlendugötu 34 og endurbyggja það þar.
5. **Gröndalshús** sem áður stóð að Vesturgötu 16b. Húsið er talið byggt 1881, en Benedikt Gröndal, sem húsið hefur lengst af verið nefnt við eftir hans dag, keypti húsið 1888 og bjó í því þar til hann lést 1907. Húsið er talið hafa mikið menningar- og byggingarsögulegt gildi sakir aldurs, sögu og gerðar sinnar og er það friðað. Húsið var hins vegar flutt af lóð sinni að Vesturgötu 16b 2006 þar sem fyrirhugað var að reisa nýbyggingu hvar það stóð. Reykjavíkurborg keypti húsið 2006 með flutning þess í huga og var það flutt árið 2009 og hafin viðgerð á því á Grandagarði, en þá lá fyrir ákvörðun um að það yrði flutt á lóðina Vesturgötu 5b. Húsið hefur staðið á Grandagarði síðan.  
Í samræðum og samningsdrögum milli Reykjavíkurborgar og Minjaverndar um samstarfsverkefni þau sem hér eru til talin er nú gert ráð fyrir að Minjavernd annist viðgerð hússins og flutning þess fyrir Reykjavíkurborg fyrir reikning, en jafnframt er þar gert ráð fyrir þeim valkosti að Reykjavíkurborg geti afsalað húsinu til Minjaverndar sem þá beri allan kostnað af því sem og faglega ábyrgð.
6. Í viðræðum Reykjavíkurborgar og Minjaverndar um þetta samstarfsverkefni hefur til þessa verið gengið út frá því að Minjavernd taki ekki beint fjárframlag vegna þeirra útgjalda sem ljóst má vera að félagið muni bera af þessum endurbyggingarverkum, umfram það sem endursala kann að gefa af sér. Hins vegar hefur verið gert ráð fyrir að félagið fái í staðin í meðgjöf tvær lóðir fyrir hugsanleg flutningshús sem félagið þarf þá að vinna úr.

## **Bernhöftstorfa.**

Húsin á Bernhöftstorfu hafa að endurbyggingu lokinni verið nokkurs konar kjölfesta í eignum og rekstri Minjaverndar. Félagið tók 1985 við þeim húsum, eftir að Torfusamtökin höfðu staðið að uppbyggingu frá haustinu 1979. Minjavernd sjálfseignarstofnun lauk við uppbyggingu á Torfunni 1989 og Minjavernd hf tók við húsunum til eignar árið 2000.

Framan af rekstri Minjaverndar hf. tók félagið í sjálfu sér ekki markvissa stefnu varðandi þær húseignir sem það hafði staðið að endurbyggingu á, hvort þær ættu að vera um framtíð í eigu félagsins eða ekki. Húsin söfnuðust því inn á eignaskrá og þegar hæst lét var Minjavernd orðinn stærstur húseigenda í miðborg Reykjavíkur. Sú staða þótti ekki með öllu eðlileg og því voru allar eigur félagsins í Aðalstræti seldar, utan að félagið á enn húseignina Aðalstræti 10 eftir sérstöku samkomulagi við Reykjavíkurborg.

Allt frá því að frá þeirri sölu var gengið hefur öðru hvoru komið til umræðu hvort ekki sé rétt að ganga skrefið til fulls. Minjavernd hafi ekki verið á stofn sett til að vera húseigandi og rekstraraðili sem fasteignafélag, heldur séu markmið skilgreind í samþykktum frekar sem svo að félagið sé endurbyggingaraðili á sérhæfðu sviði og beri að “stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleyfa hvarvetna á Íslandi í viðtækasta skilningi“. Eftir allnokkra umræðu í á annað ár og skoðun ýmissa valkosta hvað snertir framtíðarstarf og rekstur Minjaverndar var sú ákvörðun tekin haustið 2013 að félagið einbeitti sér fyrst og fremst að endurbyggingu húsa og mannvirkja með tilvísan til samþykktanna sinna, en drægi svo sem kostur er úr eignarhaldi til frambúðar á eingum sem það hefði endurbyggt. Þá lá fyrir þar með sú ákvörðun að selja húseignir félagsins sem til staðar voru. Bernhöftstorfa var því sett á sölu og frá samningi gengið laust fyrir liðin áramót við FÍ fasteignafélag um kaup þeirra á öllum húsum á Bernhöftstorfu. Þetta voru að sönnu töluverð viðbrigði og vakti athygli, enda húseignirnar verið í höndum félagsins og þess rekstrar sem félagið byggðist á allt frá því að endurreisn Bernhöftstorfu hófst 1979. Í framhaldi verður það því meðvitað stefna að í fyllingu tímans munu eignir félagsins verða látnar ganga áfram í hendur nýrra eigenda þegar rétt staða sé til í hverju tilviki.

## **Franski spítalinn á Fáskrúðsfirði.**

Þegar stórum áföngum við endurgerð húsa í miðborg Reykjavíkur var lokið 2007, var leitað viðfangsefna fyrir félagið úti á landsbyggð. Horft var m.a. til verkefna á Seyðisfirði, en horfið frá þeim. Í framhaldi var lítið til þess að félagið tæki að sér Franska spítalann á Fáskrúðsfirði. Tekið var saman á grip af sögu hússins og gefið út í kveri á íslensku og frönsku. Rætt var við heimamenn um aðkomu félagsins að þessu verkefni og hvernig það gæti best stutt þá í þeirri viðleitni að setja Fáskrúðsfjörð á kortið sem “franskan” ferðamannabæ, hvar tilveru og samskiptum landans við Frakka væru gerð góð skil. Húsið var upphaflega byggt inni í Búðakauptúni 1903, en tekið niður fjöl fyrir fjöl og flutt út á Hafnanes 1939.

Þetta starf leiddi til þess að á Íslandshátíð í Gravelines í Frakklandi í september 2009 var undirrituð samstarfsyfirlýsing Fjarðabyggðar, Gravelines, Alliance Francaise og Minjaverndar um vinnu að fjármögnun þess verkefnis að flytja húsið frá Hafnanesi inn í Búðakauptún og endurbyggja það þar. Ári síðar var gengið frá sams konar yfirlýsingu við bæjaryfirvöld í Paimpol. Á grundvelli þessara samstarfsyfirlýsinga var hafist handa um verkefnið og hafa samningsaðilar stutt það, nema hvað lítið hefur verið um þátttöku frá Gravelines og Paimpol, að undirritun samnings lokinni.

Verkefnið óx að umfangi og inniheldur nú í framkvæmd endurbyggingu og endurgerð alls 5 húsa. Um er að ræða endurgerð Franska spítalanns sjálfs sem staðsettur hefur verið fyrir neðan Læknishúsið við Hafnargötu. Það hús mun eftir endurgerð rúma 12 herbergi og á jarðhæð verður veitingastaður. Læknishúsið var innlimað í verkefnið og ákveðið að koma þar fyrir sýningu um sjósókn Frakka hingað til lands, jafnframt sem þar verður móttaka hótelsins, 10 gistiherbergi og tenging frá því yfir í Franska spítalann. Síðan inniheldur verkefnið endurgerð Líkhúss spítalanns, Endurgerð Sjúkraskýlisins sem Frakkar byggðu 1897 og hýsa mun 4 herbergi, ásamt flutningi á Kapellunni sem flutt hafði verið upp í plássíð og notuð sem íbúðarhús, verslun og lagerhúsnæði. Kapellan hefur nú verið flutt á ný að þessari húsapýrpingu, endurbyggð sem kapella og mun hafa sömu afstöðu gagnvart Sjúkraskýlinu og hún hafði upphaflega.

Í september árið 2010 flutti Minjavernd Spítalann inn að Búðum og gekk sá flutningur vel. Síðla þess árs var síðan gengið frá afsali á Læknishúsinu frá Fjarðabyggð til Minjaverndar og jafnframt var þá gengið frá lóðarsamningum fyrir þessa framkvæmd alla. Síðan hefur verið unnið að undirbúningi verkefnisins, hönnun og í framhaldi beinum framkvæmdum.

Samhliða þessu var sem fyrr segir lögð töluverð vinna að öflun fjárstuðnings til þessa verkefnis. Eftt var til samstarfssamninga við Gravelines í Frakklandi og jafnframt við bæjarstjórn Paimpol. Viðbrögð voru í upphafi jákvæð þar sem víðar, en skemmst er frá því að segja að afrakstur hefur verið rýr. Minjavernd mun því ein bæði fjármagna verkefni þetta úr sínum sjóðum og hefur jafnframt aflað lánsfjár til þess, en Virðing hf. hefur gengið til samninga við Minjavernd um lánsfjárluta verkefnisins. Argos ehf. Arkitektastofa Grétars og Stefáns hefur verið aðalhönnuður ásamt því sem Mannvit og Efla hafa sinnt hluta hönnunar. Framkvæmdir við verkið hófust síðan á seinni hluta ársins 2011, en skóflustunga að því var tekin á Frönskum dögum á Fáskrúðsfirði. Er nú unnið hörðum höndum að framvindu verkefnisins og verkalokum fyrri áganga þess. Starfsmenn Minjaverndar vinna nær eingöngu að þessu verkefni og jafnframt bæði einstaklingar og fyrirtæki af heimaslóð. Hlutar verksins hafa verið boðnir út, en annað unnið á tímavinnugrunni.

Minjavernd hefur ráðstafað stærstum hluta rýmis húsanna fyrir hótélrekstur og eru það Íslandshótel hf. sem annast munu þann rekstur. Gengið hefur verið frá samningum þar að lútandi. Jafnframt hefur verið gengið frá ýmsum samningum við Fjarðabyggð, m.a. um leigu á hluta húsnæðisins fyrir sýningu um sjósókn Frakka hingað upp til Íslandsstranda. Húsin munu verða fullbúin og rekstur opna í þeim nú í lok maí 2014. Töluverðar væntingar eru til þessa verkefnis á heimaslóð og mikil jákvæðni í garð þess. Af hálfu Minjaverndar eru jafnframt bundnar væntingar við það að þetta stærsta verkefni félagsins á landsbyggð muni skila góðu til varðveislu sögu, varðveislu húsa, atvinnu og mannlífs á Fáskrúðsfirði.

Undir lok árs 2013 var gengið frá samningi milli Fjarðabyggðar og Minjaverndar um uppsetningu sýningar í þeim hluta húsrýmis sem áður hafði verið gengið frá leigusamningi milli aðila um. Minjavernd tók þar að sér að láta hana og koma upp sýningu á sinn kostnað, en Fjarðabyggð leigir í framhaldi sýninguna af Minjavernd. Árni Páll Jóhannsson tók að sér að vera aðalhönnuður sýningarinnar.

Vinna við þennan þátt verkefnisins fór strax af stað og hefur verið unnið mjög ötullega að hönnun og framvindu uppsetningar. Sýningin mun samanstanda af endurgerð lúkars úr gólettu, dekki slíkrar skútu, margmiðlun af ýmsum toga, víeosýningum, endurgerðri sjúkrastofu og biðstofu læknis spítalans, stóru módeli af spítalaskipi og minningarmunum um Georg Georgsson lækni sem var yfirlæknir spítalans. Einnig verður komið fyrir miklum fjölda mynda frá fyrri tíð og ótölulegum fjölda muna af ýmsum toga. Gefið verður út kynningarkver um veiðarnar, endurbygginguna og sýninguna. Það er trú forsvarsaðila Minjaverndar að sýning þessu muni vekja verulega athygli og skapa sér og verkefninu í heild jákvæðni.

Að sýningarundirbúningi hefur starfað nokkuð stór hópur og hefur sú vinna gengið mjög vel á þeim stutta tíma sem því starfi var skammtaður. Ákveðið hefur verið að sýningin verði formlega opnuð þann 26. júlí á frönskum dögum og mun nokkur hópur mæta af þeim sökum frá Frakklandi. Á sama tíma mun Kapellan verða formlega blessuð, en hún verður endurgerð sem kapella með öllum þeim munum sem slíkt hús inniber. Hótelið mun verða formlega opnað þann 14. júní og haft opið til sýnis þann dag.

Verkefnið er allt mjög umfangsmikið í heild sinni og mun kostnaður við byggingar, sýningu og innbú rekstrar losa milljarð króna. Þess utan hefur Minjavernd skuldbundið sig til að afla fleiri gistiherbergja til hótélrekstrar og verður strax ráðist í framvindu þess, en félagið hefur þegar lagt inn fyrirspurn til Fjarðabyggðar um staðsetningu húsakosts í því efni. Að þeirri framkvæmd lokinni er vonast til að hótelið hafi um 50 herbergi til rekstrar.

## **Útgáfustarfsemi, kynningarefni.**

Minjavernd hefur í gegnum árin látið taka saman ýmislegt efni er varðar sögu þeirra húsa sem félagið hefur unnið að endurgerð á. Hefur verið horft til útgáfu þess, en ekki orðið úr enn sem komið er. Efni það sem til er er orðið æði umfangsmikið og bæði á myndformi, videounnið

sem og ritaður texti. Rík þörf er á að koma þessum efnivið öllum á framfæri og þarf að vinna að því á komandi árum.

Minjavernd hefur á seinni árum lokið hverju verkefni með því að merkja viðkomandi hús með skildi úr steiptum kopar, með örstuttu ágripi af sögu. Flest þau hús sem félagið hefur endurbyggt eru nú með slíkum skildi. Unnið verður að því að ljúka því að setja slíkan skjöld á hvert það verkefni sem félagið hefur tengst.

## **Nokkur viðfangsefni eða áform Minjaverndar úti á landi.**

Samhliða því sem Minjavernd lýkur nú á árinu 2014 við aðaláfanga verkefnis endurgerðar Franska spitalans og þeirra fimm húsa sem það verkefni samanstendur af, hefur verið litið til framtíðarverka úti á landsbyggð. Fyrir liggur að hafist verður handa við endurbyggingu Gamla Apóteksins á Akureyri á þessu ári. Til lengri framtíðar hefur jafnframt verið horft til þess að festa fleiri verk og hefur þar m.a. verið horft til Graams verslunar á Þingeyri, Múlakots í Fljótshlíð og Ólafsdals í Döllum. Hér verður gerð stutt grein fyrir þessum verkum og jafnframt tæpt á þeim húsum öðrum sem félagið á nú úti á landi og sinnir.

### **Gamla Apótekið á Akureyri.**

Minjavernd yfirtók á liðnu ári að fullu Gamla Apótekið á Akureyri, eitt af stærstu húsum elsta hluta bæjarins. Húsið sem var byggt 1859, er mjög áberandi og verður mikil bæjarprýði þegar endurgerð þess verður lokið. Húsið stendur á áberandi stað Ástand þess nú er hins vegar mjög bágborið, húsið var forskallað 1956 og er orðið fúíð, missigið nokkuð og illa farið. Minjavernd hefur einsett sér að ljúka við endurgerð hússins að ytra byrði á árinu 2015. Byggingarnefndarteikningar að endurgerð þess liggja fyrir samþykktar og er vinna að öðrum hönnunarþáttum að hefjast. Vinna við sjálfa endurbyggingu hússins mun hefjast á miðju þessu ári. Viðræður hafa verið milli Minjaverndar og Akureyrarbæjar um þátttöku bæjarins í frágangi brekkunnar neðan hússins og mun bærinn leggja sitt af mörkum í því. Gert er ráð fyrir að í húsinu verði fjórar íbúðir að endurgerð lokinni.

### **Grams verslun á Þingeyri.**

Grams verslun á Þingeyri er tvílyft bindingsverkshús með risi, byggt 1883 af Niels Christian Gram kaupmanni. Húsið er tæplega 140 m<sup>2</sup> að grunnfleti og því á fjórða hundrað fermetrar að heildarflatarmáli. Ísafjarðarbær er eigandi hússins nú. Það stóð upphaflega handan götu hvar það stendur nú eða á lóðinni Hafnarstræti 7, en þegar þar var byggð nýbygging var húsið flutt yfir götu á lóð Vallargötu 1. Þar stendur það sem næst horn í horn við Salthúsið sem byggt var 1732 og er nú komið langt á leið í endurbyggingu eftir margra ára vinnu. Ekki eru nema um 50 sm á milli húsanna og er illa hægt að koma nokkrum eldvörnum við í slíkum kringumstæðum, auk þess sem húsin falla ekki vel sama með slíkri staðsetningu. Greinilegt virðist að Salthúsinu hafi ekki verið ætlaðir mikið fleiri lífdagar þegar Grams var flutt yfir.

Því er nú gert ráð fyrir að Grams verði flutt á ný og nú yfir Hafnarstræti á hornlód þar og nýtist t.d. fyrir miðstöð ferðaþjónustu í Suður Ísafjarðarbæ. Þetta gæti verið kjörið verkefni fyrir Minjavernd og að geta þar sameinað þau sjónarmið sem félagið hefur leitast við að hafa uppi í verkum. Húsið er afgerandi í umhverfi, merkilegt og reisulegt verslunarhús og það stórt að fáir aðrir munu geta ráðið við verkefnið. Jafnframt gæti endurbygging þess stuðlað að styrkingu byggðamynsturs í kjarna Þingeyrar og stutt við atvinnuþróun samfélags þar.

## **Múlakot í Fljótshlíð.**

Húsin sem nú standa og mynda heild bæjarins í Múlakoti voru reist á árabílinu frá 1848 til 1946. Elsti hluti þeirra stendur ofan á hleðslum torfbæjar sem stóð þar áður og voru hleðslur hans nýttar að hluta sem grunnur og kjallari nýbyggingar þá, elsta hluta húsasamstæðunnar sem nú er. Síðan eru viðbyggingarnar fjölmargar eða 7 talsins og mynda merkilega byggingarsögulega heild. Bæjarhúsin öll mynda síðan enn stærri heild með útihúsum, hleðslun undan hlöðu, fjósi, málarahúsi og fleirum.

Menningarsaga Múlakots er einnig merkileg. Tengsl við bæði innlenda og erlenda málaralist og í bæjarhúsunum var rekin ferðaþjónusta þess tíma, en þar var að segja má umferðarmiðstöð. Garðrækt var merkileg stunduð þar og er trjágardur fyrir framan húsin einn sá elsti hérlendis. Húsin tilheyra Vesturbæ Múlakots sem er í einkaeigu og eru eigendur viljugir til að gefa húsin og land undir þeim, aðila sem hefur burði til að standa fyrir endurgerð húsa og umhverfis.

Viðræður hafa verið milli nokkurra aðila í opinberri stjórnslu sem og aðila á heimaslóð um leiðir til að skapa grundvöll endurbyggingar og þá reksturs í húsunum, en ekki hefur fundist niðurstaða í því. Þetta gæti verið verðugt verkefni fyrir aðkomu Minjaverndar, en ljóst er einnig að sökum sérstöðu verkefnisins þarf jafnframt að tryggja aðra meðfjármögnun úr opinberri átt með einhverjum hætti.

## **Ólafsdalur í Dölum.**

Það hús sem nú stendur í Ólafsdal var stærst fjölmargra húsa sem Torfi Bjarnason, frumkvöðull og stofnandi Bændaskólans þar, reisti 1896. Skólann stofnaði hann 1880 og rak hann þar til 1907. Var það fyrsti bændaskólinn á landi hér sem kunnugt er og voru fjölmargar nýjungar í landbúnaði þess tíma ættaðar frá Torfa og skóla hans. Alls útskrifuðust 156 nemar frá skólanum á þessum 27 árum. Þetta stóra hús var bara eitt fjölmargra húsa sem Torfi reisti og fallin eru að hluta eða með öllu, að því undanskildu. Ummerki margra þeirra eru enn greinileg og grjóthlaðnir veggir mjólkurhúss og fjóss standa enn ótrúlega heillegir. Torfi lærði enda m.a. til steinhöggs í Skotlandi og reyndi að breiða þá kunnáttu út.

Jörðin Ólafsdalur er ríkisjörð, en Ólafsdalsfélagið hefur hana til leigu skv. sérstökum samningi með endurbyggingu bæjarhússins að markmiði. Það starf hefur staðið nú vel á annan áratug og er endurbygging hússins komin vel á veg, auk þess sem vatnsveita er nú komin, frárennsli og rafmagn. Fyrir liggur að ljúka við endurgerð þessa húss og til staðar eru áform um uppbyggingu hinna húsanna, eða a.m.k. nokkurs hluta þeirra svo sem Mjólkurhúss, fjóss, Smíðastofu og Ullarhúss. Verkefni þetta gæti vel fallið innan þess ramma sem Minjavernd hefur markað starfssviði sínu, en finna þarf þá lausn á eignarhaldi og formi þess að Minjavernd geti losað sig út úr verkefninu að því fullunnu.

## **Eyjólfspakkhús, Stórapakkhús og Samkomuhús í Flatey.**

Nú eru liðin ellefu ár síðan lokið var viðgerð á Eyjólfspakkhúsi og það tekið í notkun. Endurbyggingu Samkomuhúss og Stórapakkhúss lauk 2007 og hefur þar verið rekið sumarhótel og greiðasala síðan. Sá ljóður er á ráði að í húsum þessum vantar tilfinnanlega aðstöðu fyrir starfsfólk og geymslur, ásamt því sem herbergjafjöldi er neðan þeirra marka sem getur skapað viðunandi rekstrargrundvöll. Unnið hefur verið að lausn þess vanda um nokkurra ára skeið við lítinn afrakstur, enda fátt um valkosti þar í eyju.

Í framhaldi af erindi Minjaverndar til Reykhólahrepps um lóðir til þessara þarfa vestast á eyinni hefur nú verið gengið frá deiliskipulagi hvar gert er ráð fyrir þeim lóðum sem fyrirspurn

stóð til. Fyrir liggur að leita eftir úthlutun þeirra. Jafnframt er þörf á að styrkja sjóvarnir við Pakkhúsin og bæta úr málum varðandi fráveitu. Að þessum framkvæmdum loknum ættu hús þessi að hafa traustari rekstrargrundvöll en verið hefur.

## **Sjóvarnargarðar – Silfurgarður í Flatey.**

Fyrir allnokkrum árum átti Minjavernd frumkvæði að því með Þjóðminjasafni að ráðast í gagnngerar endurbætur á gömlum hleðslum Silfurgarðs og Stóragarðs í Flatey. Er nú komið að því að halda þarf því verki áfram, bæði viðhalda því sem gert var og ljúka verkþáttum sem ekki tókst að ráðast í á þeim tíma. Í gegnum aldir hafa íbúar sinnt sínum vörum og hleðslum á hverju vori, en því er ekki til að dreifa lengur. Sem lið í að ganga frá umhverfi Eyjólfsþakkhúss lét Minjavernd lagfæra Eyjólfsplan á árinu 2003. Stórviðri og aukinn ágangur sjávar hefur skaðað mannvirki þessi á liðnum árum. Því er nauðsynlegt að afla fjár til frekari lagfæringa þessara gömlu mannvirkja, en hleðsla Silfurgarðs var ein stærsta einstaka framkvæmd hér á landi á fyrri hluta 19. aldar. Endurbætur þessar að hluta til tengjast einnig beinu öryggi húseigna Minjaverndar í Flatey.

## **Húsin í heiðinni.**

Lagning símanns frá Seyðisfirði til Reykjavíkur er undirbúin var sumarið 1905 og síðan framkvæmd á einu sumri 1906 var ótrúlegt þrekvirki og stærsta framkvæmd hér á landi á 20. öld fram að seinna stríði. Einkum var mikið í ráðist við að leggja línu yfir hálendi frá Héraði til Vopnafjarðar og þaðan yfir að Grímsstöðum á Fjöllum. Minjavernd réðst í það á árunum 2001 til 2003 að skoða ummerki þessarar línulagnar og þar með þeirra húsa sem reist voru meðfram línunni á sínum tíma. Gerð var áætlun um endurreisn húsanna. Árið 2004 réðst Minjavernd í að framkvæma fyrsta áfanga þeirrar áætlunar, er fólst í endursmíð hússins við Haug, um 23 km austan við Grímsstaði á Fjöllum í um 740 metra hæð. Gekk sú framkvæmd vel og í september það ár var húsinu komið fyrir á grunni þess gamla, svo nákvæmlega að gamla dyrahellan nýttist nú óhreyfð nýjum dyrum. Við framkvæmdina og í framhaldi af henni voru töluverð viðbrögð af heimaslóð og öll mjög jákvæð. Það varð með öðru til þess að félagið réðst í næsta áfanga verksins 2005 sem var að koma fyrir húsi í stað þess sem áður stóð á Urðum, nær miðja vegu milli Grímsstaða og Vopnafjarðar. Það hús er nokkru stærra en það fyrsta og betur búið til dvalar. Gengið var í framhaldi frá samningi við Ferðaklúbbinn 4x4 á Austurlandi um daglega vörslu húsanna og afnot af þeim.

Í lok árs 2005 var síðan gengið frá samningi við Landssíma Íslands hf. um þriðja húsið á Smjörvatnsheiði. Með samningi þeim tók Síminn hf. að sér að kosta og framkvæma það að setja upp hús á Smjörvatnsheiði í stað húss sem reist var úr liggjandi símastaurum árið 1906. Húsið var reist og lokið við frágang þess sjálfs að mestu síðsumars 2006, en Minjavernd annaðist og kostaði á árinu 2007 lokafrágang og að setja í húsið innanstokksmuni, sérsmíðaðar kojur, borð og bekki. Í framhaldi var gerður samningur um vörslu þess og afnot við Björgunarsveitina Vopna á Vopnafirði. Húsið er notað sem björgunarskýli á heiðinni og kom í stað annars skýlis sem hrörlegt mjög var orðið og verður fjarlægð.

Á liðnu ári hefur Minjavernd gengist fyrir viðræðum við vörsluaðila þessara húsa, Ferðaklúbbinn 4x4 á Austurlandi og Björgunarsveitina Vopna á Vopnafirði. Viðræður þessar hafa nú leitt til þess að Minjavernd hefur afsalað sér húsinu á Smjörvatnsheiði til Ferðaklúbbsins 4x4 á Austurlandi og gengið frá samningi við Björgunarsveitina Vopna um yfirtöku þeirra á hinum húsunum við Haug og á Urðum.

## **Fjárhagsstaða, uppgjör og afkoma Minjaverndar hf.**

Afkoma Minjaverndar á árinu 2013 samkvæmt samstæðureikningi var jákvæð, en hagnaður ársins nam 239.556.308.- kr. Rekstrartekjur námu 361.280.261.- kr. og rekstrargjöld 131.560.021.- kr. Þar af var söluhagnaður eigna 269.202.845.- kr. Á árinu var virði fasteigna, annarra en fjárfestingaeigna, fært niður um 51.860.961.- kr. Eignir félagsins námu í árslok 1.710.376.864.- kr. og skuldir 848.567.095.- kr. Eigið fé var því 861.809.769.- kr. Eiginfjárhlutfall er 52.0 %, innra virði 3.1 og veltufjárhlutfall 2.9 %.

### **Niðurlag.**

Staða Minjaverndar hf. er mjög góð, hagnaður hefur verið af rekstri liðinna ára og á liðnu ári myndaðist allnokkur söluhagnaður af sölu eigna. Fjárhagsleg staða til að standa straum af verkefnum er því góð. Jafnframt hefur verkefnum og markmiðum með rekstri miðað fram veg og starf félagsins hefur orðið einbeittara og markvissara. Gangi þó ekki væri nema hluti fram af þeim verkefnum sem félagið hefur verið að skoða til að eigna sér til starfs um næstu framtíð, mun það styrkja afrakstur og markmið enn frekar.

Pröstur Ólafsson formaður stjórnar  
Þorsteinn Bergsson framkvæmdastjóri.